



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Einar Þorsteinssonar
Ráðhús Reykjavíkur,
Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

Kópavogur, 13. júní 2024
Málsnr. 2303014

Efni: Framtíðarstaðsetning skotíþróttar – beiðni um tilnefningu í starfshóp

Á 126. fundi Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins þann 12. apríl 2024 var framangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð:

Framtíðarstaðsetning skotíþróttar - tillaga að stofnun starfshóps

Framhald frá 124. fundi þar sem kynnt voru drög að erindisbréfi vegna stofnunar starfshóps um verkefnið. Fyrirliggjandi er tillaga formanns að nefndin veiti umboð til að hefja verkefnið og óska eftir tilnefningum í fyrirhugaðan starfshóp.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt. Þá er svæðisskipulagsstjóra falið að bjóða Skotvís þátttöku í starfshópi og að breyta erindisbréfi til samræmis.

Lýsing á störfum starfshóps

Meðfylgjandi er erindisbréf dags. 12. apríl 2024. Hlutverk starfshópsins er samkvæmt því að gera tillögu að framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar á höfuðborgarsvæðinu eða nánasta umhverfi þess. Hópurinn verði skipaður kjörnum fulltrúum, einum aðal og einum til vara, tilnefndum af sveitarfélögum þar sem staðarvalkostir koma til álita: Mosfellsbær, Hafnarfjarðarbær, sveitarfélagsins Voga og sveitarfélagsins Ölfuss. Þá verði einnig fulltrúar tilnefndir af Skotíþróttasambands Íslands og Skotveiðifélagi Íslands (Skotvís)einn aðal og einn til vara. Formaður svæðisskipulagsnefndar verði formaður hópsins. Samtals verði 7 manns í starfshópnum.

Með hópnum starfi sérfræðingar sveitarfélaga og fulltrúi frá skrifstofu SSH. Þá starfi með hópnum aðkeyptur verkefnastjóri og aðrir ráðgjafar eftir þörfum. Miðað er við að hópurinn ljúki störfum fyrir lok árs 2024 og afhendi svæðisskipulagsnefnd tillögur sínar.

Beiðni um meðferð á vettvangi sveitarfélaga:

- Óskað er eftir að sveitarfélag tilnefni einn kjörinn fulltrúa til þátttöku í stýrihóp og einn til vara.

Annað

- Bent er á ákvæði 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna: Þátttaka í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum hins opinbera.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is. Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingafyllst,

Jón Kjartan Ágústsson, Svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Meðfylgjandi:

1. *Erindisbréf dags. apríl 2024*
2. *Bréf þetta er einnig sent til Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, sveitarfélagsins Voga, sveitarfélagsins Ölfuss, Skotíþróttasambands Íslands og Skotveiðifélags Íslands (Skotvís).*



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar

Ábyrgðarmaður: Svæðisskipulagsstjóri.

Inngangur: Þann 10. október 2023 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur að beina því til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu „að því verði beint til svæðisskipulagsnefndar að stofna starfshóp í samvinnu við nágrannasveitarfélögin, Ölfus og Voga, sem hafi það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar

Í bókun Borgarráðs var lagt til að byggt yrði á fyrirliggjandi kostnaðarmati og staðarvalkostum er koma til greina í skýrslu EFLU, dags. 21. júní 2023. Þeir valkostir liggja innan marka fimm sveitarfélaga: Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Sveitarfélagsins Voga og Sveitarfélagsins Ölfuss. Skýrslan var unnin fyrir Reykjavíkurborg.

Hlutverk: Að gera tillögu að framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar á höfuðborgarsvæðinu eða nánasta umhverfi.

Verkefni:

- Hópurinn rýni og yfirfari fyrirliggjandi gögn um þá staðarvalkosti sem tilgreindir eru í skýrslu EFLU dags. 21. júní 2023. Þá verði tekið mið af forgangsroðun staðarvalkosta sbr. niðurstöður skýrslunnar. Ef fyrrnefndir staðarvalkostir þykja allir ófullnægjandi geti stýrihópurinn útvíkkað vinnuna og skoðað önnur svæði sem þyki fýsileg.
- Stýrihópurinn framkvæmi hagaðilagreiningu og óski eftir sjónarmiðum helstu hagaðila varðandi viðfangsefni hópsins, í samræmi við niðurstöður hennar.
- Hópurinn beiti vönduðum og viðurkenndum aðferðum til að meta fyrirliggjandi staðarvalskosti en fyrir liggur að í skýrslu EFLU eru matsþættir ekki vegnir út frá mikilvægi m.t.t. þeirra forsenda sem þurfa að liggja til grundvallar vegna starfsemi íþróttamiðstöðvar skotíþróttar. Í fyrirliggjandi vinnu verða matsþættir vegnir og metnir út frá:
 - umhverfispáttum og öðrum áhrifum á nálæg svæði þ.m.t. hljóðvist, öryggi, sjónrænum áhrifum, útivistargildi, náttúruvernd, vatnsvernd, minjum, áhrifum á dýralíf
 - hversu vel aðstaðan henti fyrir starfseminum m.t.t. samgangna, stærðar og alþjóðlegra krafna
 - skipulagsmálum
 - kostnaði
- Hópurinn skili einni til þremur tillögum að framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar fyrir skotíþróttir.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skipan hópsins:

Stýrihópur: Kjörnir fulltrúar, að hámarki fimm, tilnefndir af sveitarfélögunum, innan sem utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem staðarvalkostir koma til álita. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Skotíþróttasambandi Íslands.

Formaður svæðisskipulagsnefndar verði formaður hópsins.

Með hópnunum starfa: Sérfræðingar sveitarfélaga og fulltrúi frá skrifstofu SSH.

Ráðgjafar hópsins:

Með hópnunum starfar aðkeyptur verkefnastjóri og aðrir sérfræðingar sem hópurinn leitar til.

Hópurinn skal leita til skrifstofu SSH varðandi innkaup á aðkeyptri sérfræðipjónustu.

Kostnaðurráætlun: 5-8 milljónir í ráðgjafakostnað vegna framkvæmd verkefnis og vegna skýrslugerðar.

Starfstímabil: Hópurinn skal ljúka störfum fyrir lok árs 2024.